

## 46. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 5.04.2011

**Mættar:** Berglind Rafnsdóttir, Valbjörg Fjólmundsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.

### Fundarefni

#### Kosning formanns og ritara hverfisnefndar

Þessi kosningu var frestað til næsta fundar þar sem hverfisnefnd var ekki fullskipuð á fundinum.

#### Aðalfundur

Þótti hann takast vel og fóru nefndarmenn yfir ýmis atriði sem komu frá hverfisíbúum og mun nefndin vinna í þeim á næstu mánuðum. Þau voru helst:

- 1) Skilti vantar í Langholt sem vekur athygli gangandi vegfarenda á undirgöngum undir Hörgárbraut.
- 2) Skilti vantar einnig í Skarðshlíð við gatnamótin við Undirhlíð sem sýnir að ef ekið er áfram í suðurátt þá lenda ökumenn í botnlanga. Fólki með hjólhýsi sem kemur keyrandi frá Hamri lendir oft í vandræðum vegna þessa. Þá mætti vera skilti á þessum gatnamótum sem leiðbeinir ferðamönnum leiðina í miðbæinn.
- 3) Snjómokstur á gangstéttum meðfram leikskólunum Hlíðarbóli og Holtakoti hefur ekki verið sem skyldi og hefur snjór oft hindrað gangandi vegfarendur í að nota gangstéttina. Þeir þurfa þá að ganga á götunni og slíkt skapar hættu.
- 4) Gangstétt sem liggur meðfram Undirhlíð frá hringtorgi og upp að Skarðshlíð nær ekki alla leið og liggur þá leið gangandi fólks að gangstíg í gegnum skógarrjóður sem er fyrir neðan blokkina Skarðshlíð 18-22. Þessi stígur verður oft forarsvað t.d. í rigningu og spurning hvort eigi að laga hann eða að klára stéttina svo hún tengist gangstéttinni í Skarðshlíð?
- 5) Vakinn var athygli á því að merkja þurfi gangbraut við enda gangstéttar á horni Sunnuhlíðar og Skarðshlíðar. Þeir íbúar smáir sem stórir sem koma gangandi í norður fyrir neðan verslunarmiðstöðina Sunnuhlíð og ætla t.d. í Seljahlíð eða Steinahlíð verða stopp þarna á gatnamótunum, margsinnis hefur sést til barna sem hlaupa þarna beint yfir götuna og oft á tíðum legið við slysi.
- 6) Ósk hverfisbúa um að hverfisnefnd bjóði íbúum ákveðinni gatna á fund til skrafs og ráðagerða verður að veruleika á hausti komandi.

Vill hverfisnefnd minna íbúa á heimasíðu Gámaþjónustu Norðurlands [www.gpn.is](http://www.gpn.is) þar sem hægt er að fá svör varðandi endurvinnslu og flokkun.

Þá komst hverfisnefnd að því að kort af Akureyri sem einn nefndarmaður greip með sér af bæjarskrifstofunum á fundinum var alls ekki nægilega uppfært t.d. sýndi kortið að við suðurenda Skarðshlíðar væri hægt að keyra beint inná Hörgárbraut! Ekki gott veganesti t.d. fyrir ferðamenn.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 3. maí 2011 í Glerárskóla.

Ritað 5. apríl 2011  
Brynja Sig.